

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 5. tbl. 8. árg. 13. mars 2014

Myndir augnabliksins eru frá upplestrarkeppni 7. bekkjar í Glerárskóla.



## Samtök áhugafólks um skólaþróun.

Vakin er athygli á ráðstefnunni **Rýnt í eigið starf - Starfendarannsóknir og samvinnunám** sem haldin verður föstudaginn 25. apríl 2014 kl. 13:30 til 16:00 í Fjölbautaskólanum við Ármúla.

Að ráðstefnunni standa Félag um starfendarannsóknir og Samtök áhugafólks um skólaþróun. Á ráðstefnunni verða kynnt dæmi um starfendarannsóknir og efnt til hópinnu og umræðna um ýmsa þætti starfendarannsóknna, svo sem ígrundun, dagbókarskrif, samræður og hlutverk bandamanna.

Fyrirlesarar eru Guðlaug Ragnarsdóttir, framhaldsskólakennari í matvælagreinum við Menntaskólann í Kópavogi og Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri eldri deildar við Oddeyrarskóla á Akureyri. Þóra Víkingsdóttir fagstjóri í líffræði við Menntaskólann við Sund og Sigurrós Erlingsdóttir kennslustjóri Menntaskólans við Sund stýra hópinnu og umræðum.

Skráning fer fram á heimasíðu Samtaka áhugafólks um skólaþróun <http://skolathroun.is> og er aðgangur ókeypis.

Starfendarannsóknir styrkja kennara í starfi og eru valdeflandi. Þær rjúfa einangrun kennara, opna fyrir þverfaglegt samstarf og veita kennurum kjark og þor til breytinga á starfi sínu. Rannsóknir á eigin starfi leiða til dýpri skilnings á námi og kennslu og stuðla að skólaþróun.

Einnig eru eftirtaldir viðburðir framundan:

**Stóri leikskóladagurinn** í Ráðhúsi Reykjavíkur og Tjarnarbíó 23. maí. Kynningar á fjölbreyttu leikskóla-starfi, fyrirlestrar og viðburðir.

**Komdu og skoðuðu í kistuna mína!** Ágústráðstefna samtaka áhugafólks um skólaþróun í Smáraskóla 14. ágúst. Þar munu kennarar kynna ýmsar hugmyndir, smáar og stórar, sem vel hafa reynst og þeir telja að fleiri geri nýtt sér.

Árþing samtaka áhugafólks um skólaþróun verður í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ 7.- 8. nóvember.

## Greinaskrif nemenda í Giljaskóla.

Nemendur í 9. og 10. bekk eru mjög duglegir við að skrifa greinar af ýmsu tagi sem birtast á heimasíðu skólans, greinarnar fjalla ýmist um skólann og skólalífið eða önnur hugðarefni unglinga. Skemmtilegt er að fylgjast með þessum greinaskrifum nemenda og má sjá þær á: <http://www.giljaskoli.is/is/forsida>

## Bæklingar um málþroska, mál- og lesskilning.

Hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar eru komnir út bæklingar þar sem fjallað er um leiðir til að örva málþroska og mál- og lesskilning barna frá fæðingu og til 12 ára aldurs. Bæklingarnir bera yfirskriftina **Sameiginleg ábyrgð** og miða að því að efla gott samstarf á milli foreldra og skóla. Bæklingarnir eru unnir í samstarfi við Árórsborg og þeir eru til á ýmsum tungumálum, s.s. arabísku, dönsku, ensku, kúrdísku, pólsku, sómölsku, tyrknesku og vietnömsku. Sjá nánar á: <http://akmennt.is/erlendir/>

## Innritun í leikskóla.

Nú í byrjun mars hófst innritun barna í leikskólana fyrir skólaárið 2014 – 2015. Innritun fer þannig fram að send er tilkynning til foreldra í tölvubréfi, um að börn þeirra hafi verið innrituð í ákveðinn skóla. Foreldrar hafa 5 daga til að bregðast við bréfinu og svara viðkomandi leikskóla. Innritað er eftir kennitölu í hvern skóla. Þegar aðsókn í skólana er meiri en laus rými innan skólans, er skoðað hvort hægt er að bjóða foreldrum þann leikskóla sem þeir settu í annað val á umsókn barna sinna. Í sumum tilvikum eru enn laus rými í þeim skólum en í öðrum tilvikum er foreldrum boðið pláss í öðrum skólum. Foreldrar allra barna sem fædd eru 2012 fá tilboð um að innrita barn sitt í leikskóla fyrir næsta skólaár. Á næstu tveim vikum verður haft samband við alla þá foreldra sem ekki hafa þegar fengið innritunarbréf.

**Leiðrétting.** Í frétt frá Tónlistarskólanum í síðasta tölublaði birtist sama myndin tvisvar. Beðist er velvirðingar á því.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

### 68 æfingar í heimspeki.

Í bókinni eru 68 fjölbreyttar æfingar í heimspeki. Þær má nota í allflestum námsgreinum til þess að spyrja, hugsa og rökraða. Æfingarnar eru í níu efnisflokkum. <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/68...>

Höfundur: Jóhann Björnsson.

Ljósmyndir: Jóhann Björnsson.

### Fjármálalæsi – Fjármál einstaklinga.

Kennsluefni í fjármálafræðslu. Efnið byggist upp á spili sem á að auðvelda nemendum að átta sig á helstu hugtökum sem tengjast fjármálum. Spilið kallast Splæs og í því eru 32 spil sem prenta þarf út og klippa niður.

Markhópur: Kennarar, annað skólafólk og og samtök sem vilja halda námskeið og vinnusmiðjur þar sem fengist er við málefni sem tengjast fjármálum einstaklinga.

<http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/Fj...>

Höfundar: Finola Butler, Jette Gottschau, Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, Sjöfn Guðmundsdóttir, Margaret Jepson, Nuno Melo, Lenka Petryková, Miriam O'Donoghue, Suzanne Piscopo og Gregor Torkar.

Myndefni: Zoo Farková og Marie Rianová.

Þýðing: Ingi Viðar Árnason.

### Mýsla sýslar á skólasafni – Flettibók.

Flettibók með sögu sem þarf að lesa fyrir nemendur og fylgir verkefnabókinni *Mýsla sýslar á bókasafni* sem er námsefni fyrir skólasöfn ætlað yngstu nemendum grunnskólans. <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/my...>


Höfundur: Ástríður Einarsdóttir.

Myndefni: Karl Jóhann Jónsson.

### Hríseyjarskóli - leikskóladeild.

Á leikskóladeildinni í Hríseyjarskóla var grænt þema í febrúar. Margt var brallað, t.d. voru leikfangalausar vikur, grænn dagur en þar var boðið upp á grænan hafragraut í morgunmat, tekið til á flokkunarstöðinni og farið með í endurvinnslugámana í eyjunni.

Á öskudaginn voru gamlir bolir endurnir og saumaðir úr þeim þegar undir það sem börnin fengu fyrir söng í fyrirtækjum bæjarins. Þá voru fönðruð listaverk úr verðausu efni sem voru svo sýnd í Júlلابúð.



### Góðgerðavika á Kiðagili.

Á deildinni Engjarós var rætt um góðverk og hvernig hægt væri að gera góðverk heima og í leikskólanum. Börnin fóru heim full áhuga og hjálpuðu til við húsverkin og sumir nudduðu foreldra sína eða struku axlirnar á þeim eins og ein ung dama orðaði það. Fyrir hvert góðverk sem gert var klipptu börnin út hjálparhendur sem voru svo límdar í stórt hjarta í gluggann á Engjarós. Góðverkið var skráð á hendurnar. Í sömu viku var farið í lausnarleit með stúlkunum - hvernig getum við verið vingjarnlegri hver við aðra og fengu stúlkurnar krakkakort þegar vel gekk. Þetta var góð viðbót við Góðgerðavikuna.



Einnig var farið í heimsókn í Lögmannshlíð með gamla hluti að heiman og svo var sungið fyrir heimilisfólk. Það góðverk var skráð á nokkrar hendur. Góðgerðarvikan tókst vel og enn tala foreldrar um að börnin vilji gera góðverk heima fyrir.

Kveðja frá Engjarós.